

SKILABOÐ

FRÉTTABRÉF FORNBÍLAKLÚBBS ÍSLANDS


Nr. 243

10 tbl. 25. árg. október 2011

Ritstjóri: Jón S. Loftsson

Fræðslumynd um Bjölluna 5. október

Á kvikmyndakvöldi þann 5. október verður sýnd fræðslumynd um Volkswagen eða Bjölluna eins og hún er betur þekkt. Bjallan sem var hönnuð af Ferdinand Porsche varð fljótt vinsæl og verður erfitt að hanna bíl sem yrði framleiddur í sama fjölda og hún var. Kvöldið verður haldið á Amokka Hlíðarsmára, húsið opnar kl. 20 og sýning hefst kl. 20.30. Gert verður gott kaffihlé og tilboð er á kökuskammti á kr. 990 með kaffi eða gosi.



Október 2011						
M	Þ	M	F	F	L	S
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						



Stillingarkvöld á opnu húsi 19. október

Próstur Reynisson ætlar að sýna okkur hvernig ventlar eru stilltir í gömlum bílvélum ásamt því að gefa okkur innsýn í það hvernig best sé að stilla blöndunga.



Kvöldið er haldið í Árbænum og húsið opnar kl. 20.

Björkvöld og verðlaunaafhending laugardaginn 22. október

Laugardagskvöldið 22. október verða verðlaun (sjá á næstu síðu) afhent fyrir ferðamætingu sumarsins og um leið verður björkvöld í tilefni sumarloka. Nú er um að gera að fjölmenna á Amokka í Borgartúni og gleðjast við lok sumars! Húsið opnar klukkan 20.00. Tilboð á barnum.

Minnu á:

BARKI ehf.

15% afsl.

Allar vörur nema verkfæri
Sölumenn semja um afsl.
af verkfærum hverju sinni

www.barki.is
s: 569 4000

Aðgangur að lokuðum síðum á fornbill.is

user name =
password =

Tvö rabbkvöld í október

Rabbkvöld verða miðvikudagskvöldin 12. og 26. október. Seinna kvöldið er einnig þrjónakvöld hjá eiginkonum félaga. Heitt á könnunni og upplagt að spjalla við félagana eða kynnst nýjum. Árbærinn er opin frá kl. 20 til 23.



Enn vantar formann Ferðanefndar

Stjórn vill minna á að enn vantar formann til að stýra Ferðanefnd, einnig er almennt verið að leita eftir góðu fólki í ýmiss störf í nefndum klúbbsins. Eftir því sem færri koma að skipulagi starfsins þess minna verður um að vera og félagar geta ekki ætlast til að allt geri sig sjálf.



Félagar óskast í Fornbílabandið

Komið hefur upp sú hugmynd að setja saman smá band sem gæti tekið nokkur lög við ýmiss tækifæri og uppákomur klúbbsins. Félagi okkar Georg Óskar Ólafsson ætlar að taka að sér að leiða bandið og koma því í gang, en Georg er þekktur úr Hröfnunum og einn hinna upprunalegu Papa. Ekki er stefnt að gefa út plötu strax, svo að þeir sem hafa áhuga þurfa aðallega að kunna á sitt hljóðfæri (eða söng) og hafa áhuga á að taka þátt í þessu verkefni. Áhugasamir geta haft samband við Georg í síma 861 7011.

Fundarherbergi klúbbsins

Stjórn klúbbsins hefur leigt herbergi, tímabundið, fyrir stjórn og nefndir til að funda og vinna sín störf. Nefndir hafa lengi verið á hrakhólum með aðstöðu og hafa nefndarmenn verið að hittast hér og þar og þurft að geyma öll gögn og annað heima hjá sér inn á milli funda. Oft hefur þetta komið í veg fyrir skilvísari vinnu og vonandi verður þetta til þess að nefndir verða full starfandi þegar nýtt félagsheimli verður fundið.



Viðurkenningar í lok ferðasumars

Eins og nefnt var á forsíðu mun ferðanefnd klúbbsins afhenda, á björkvöldinu 22. október, viðurkenningar til þeirra félaga sem mættu í flestar ferðir á nýliðnu sumri.

Mismunandi fjöldi stiga var í boði eftir ferðum, en brons er gefið fyrir 14-17 mætingar, silfur fyrir 18-21 og gull fyrir 22-28 mætingar.

Eins og staðan er í dag eru 25 aðilar sem ná verðlaunum í ár, en í heildina voru 256 félagar skrádir með 1242 mætingar í ferðum í sumar.

Gullviðurkenningar fá

Árni og Guðný, Guðmundur B. Pálsson, Jón S. Loftsson, Kristín Sunna og Aðalheiður, Magnús Magnússon, Sigurður Ásgeirsson og Þórður Helgi Bergmann

Silfurviðurkenningar fá

Ársæll Árnason, Bjarni Þorgilsson, Björn Magnússon, Gunnar B. Pálsson, Jens Kristján Jensson, Sigurbjörn Helgason, Símon Arnar Pálsson og Sveinn Þorsteinsson.

Bronsviðurkenningar fá

Gunnar Már Gunnarsson, Gunnar H. Þórisson, Jón Hermann Sigurjónsson, Hilmar Helgason, Hinrik B. Pétursson, Rúnar Sigurjónsson, Ómar og Hjördís, Steingrímur E. Snorrason og Sævar Pétursson.

Þessir aðilar eru beðnir um að mæta á Amokka Borgartúni laugardagskvöldið 22. október og taka á móti viðurkenningum úr höndum ferðanefndarfólks.

Lokað á Esjumel 23. október

Sunnudaginn 23. október verður lokað á Esjumelnum.

Auglýsingar:

Til sölu **Chevrolet Corver Monza** ryðlaus og þarfnast uppgerðar, er sundurtekinn. Ýmislegt af nýju og notuðu fylgir með. Verð 300.000 kr. Hinrik í síma 863 1956.

Óskað eftir **Ford Bronco II Ranger / Explorer**, skoða allt, má vera vélarlaust og body laust. Allir hlutir í þessa bíla vel þegnir. Steingrímur í síma 845 6729.

Varahlutir óskast í **Volvo 240**. Er að leita að drifskafis púða í volvo 240, '91 árgerð. Eyjólfur í síma 777 3203.

Til sölu **felgur fyrir Honda Accord**, fjórar original álfelgur sem voru upprunalega á Honda Accord árgerð 1990. Á þeim eru þreyttir hjólbarðar. Tilboð óskast. Friðrik í síma 897 8575.

Til sölu **1977 Toyota Corolla**, Ökufær, mælirinn sýnir 100.000, þarfnast uppgerðar. Verð: tilboð. Salómon í síma 659 6008.

Til sölu **1980 Mazda 323 1300 Hatchback**. Þessi bíll er búinn að vera í eigu 3ja manna, alltaf á Austurlandi. Bíllinn er algerlega óskemmdur að innan, hvergi rifur né sprungur í sætum né annars staðar í innréttingu. Smurbók frá upphafi. Verð 250.000. Smári í síma 896 2345.

Auglýsingar:

Til sölu **1960-68 Scania Vabis L36 og L50**, Öökufærir, Báðir seldir í einu. Verð, samkomulag. Ístak hf í síma 530 2727.

Til sölu **1957 Mercury Turnpike**. Verð, gefið upp í síma. Guðmundur í síma 820 1974.

Leitað að eignum klúbbsins

Þar sem klúbburinn hefur verið heimilislaus frá 1997 hefur ýmislegt sem klúbburinn á verið í geymslu hjá ýmsum félögum sem voru í nefndum eða stjórn á sínum tíma. Núverandi stjórn vill taka saman lista yfir þessa muni svo hægt sé að ganga að þeim þegar við komumst í okkar félagsheimili aftur. Margt er vitað en grunur er um að einhverjar upplýsingar um muni vanti. Hægt er að hafa samband við Þorgeir í 895 8195 eða Jón í 892 0045 sé einhver með upplýsingar. Sama á við vegna skjala, bréfa eða annars efnis sem félagar hafa verið með í varðveislu og er einnig óskað eftir því efni svo hægt sé að skanna það inn til betri varðveislu. Bókum, bæklingum eða öðru sem á heima hjá klúbbum er einnig hægt að skila inn strax í P.O.Box 8615, 128 Reykjavík.

Nýir félagar í september 2011

Ólafur P. Hermannsson	Reykjanesbær	3604
Guðrún Einarsdóttir	Reykjavík	3605
Björgvin Jakobsson	Reykjavík	1536
Egill Örn Bjarnason	Hafnarfjörður	3606
Hálf dán Sigurjónsson	Kópavogur	3264
Vilhjálmur Guðni Vilhjálmsson	Reykjavík	3607
Ingi Þorbjörn Ólafsson	Reykjavík	3608
Grétar Hinrik Steinsson	Reykjavík	3609
Svanur Kristjánsson	Reykjavík	3610
Hermann Grétar Jónsson	Ísafjörður	3611
Guðlaugur Örn Hjaltason	Reykjavík	3612
Torfi Þórarinnsson	Dalvík	3613
Helena S. Jóhannesdóttir	Reykjavík	3614



FORNBÍLAKLÚBBUR ÍSLANDS
ANTIQUE AUTOMOBILE CLUB OF ICELAND
PÓSTHÓLF 8615 - 128 REYKJAVÍK